

VI. KAFLI
Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 8. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 72/1994 um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Reglugerðin er sett á grundvelli eftirfarandi ákvæða EES-samningsins, sbr. IV. kafla II. viðauka við samninginn:

1. tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum sem greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (tilskipunin er birt í 3. bók sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB á árinu 1994);

2. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EBE frá 19. september 1996 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar sambyggðra þvottavéla og þurrkara til heimilisnota (tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB);

3. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22 frá 1998 um breytingar á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB).

Um framkvæmd reglugerðarinnar vísast að öðru leyti í viðkomandi gerðir sem framkvæma skal hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins, m.a. bókun 1 við samninginn um altæka aðlögun.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. janúar 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þórður Friðjónsson.

AUGLÝSING**ríkisskattstjóra nr. 6/1999 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila.**

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda á lögaðila er lauk 30. október 1998.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1998 og eigna í lok þess árs 31. mars 1999 í stað 31. janúar 1999.

Reykjavík, 29. janúar 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.